

rd. og upphæðina á útgjaldagreininni, 7. gr. D. 6. til 300 rd., og þannig að kostnaðurinn til verðlaunabóka handa skólasveinum (40 rd. á ári) einnig verði eptirleiðis greiddur af þessari upphæð, í stað þess að hann áður hefir verið goldinn af því fê, sem tiltekið er í 7. gr. D. 15, en jafnan hefir verið farið fram yfir þá fjárveiting; að öðru leyti verður kirkju- og kennslustjórnin að álíta, samkvæmt því sem skýrt er frá í álitsskjali stiptsyfirvaldanna, að nú sem stendur verði eigi færðar niður aðrar upphæðir, sem veittar eru í þarfir hins lærða skóla og prestaskólans.

1872.  
30. oktbr.

## 99. Leiðarvísir fyrir brèfhirðingarmenn.

(á Íslenzku eingöngu).

31. oktbr.

### 1. grein.

Brèfhirðingarstaðurinn á — — liggur undir póstafræiðsluna á — — sem hefir eptirlit með, að brèfhirðingarmaður haldi samning sinn, lætur hann vita af öllum þeim breytingum, sem verða kunna á póstgjaldaskránum, póstgöngunum o. s. frv., og gefur honum allar aðrar nauðsynlegar upplýsingar og vegleiðslu.

Brèf brèfhirðingarmanns til póstskrifstofunnar í Reykjavík ganga í gegnum hina yfirboðnu póstafræiðslu, er sendir þau póstmeistararum með skýringum sínum.

Verði brèfhirðingarmanni eitthvað á í póstafræiðslunni til annara póstafræiðslustaða, skulu þeir láta brèfhirðingarmann vita af því beinlínis.

Ferðaleyfis um stuttan tíma, í mesta lagi 14 daga, leitar brèfhirðingarmaður hjá hlutaðeiganda póstafræiðslumanni, en ferðaleyfis um lengri tíma hjá póstmeistararum í Reykjavík; þó getur hann, ef mikið liggur á, farið strax á stað, en þá skal hann skýra póstafræiðslumanni frá því, og verður hann sjálfsgagt að annast um, að áreiðanlegur maður í fjarvist hans gegni þeim póststörfum, er fyrir kunna að falla, upp á ábyrgð hans.

1872.

31. oktbr.

## 2. grein.

Brèfhirðingarstaðurinn skiptist brèfum, blöðum, peningum og bögglum á við póstafræiðslumanninn á — — og — —

Til þess að eptirlit verði haft með þessum póstsendingum og burðareyri þeim, er fyrir þær verður krafinn, skal færa póstlista milli brèfhirðingarstaðarins og ofan nefndra póstafræiðslustaða.

## 3. grein.

Til flutnings með pósti skal brèfhirðingarmaður taka á móti þessum sendingum:

- a. lausum brèfum til Íslands og Danmerkur;
- b. peninga upphæðum allt að 150 rd. og þeirri vikt, sem nemi allt að 5 pd., til Íslands og Danmerkur;
- c. bögglum allt að 2 pd. til Íslands og Danmerkur;
- d. sendingum til útlanda, þegar þær skal senda óborgaðar.

Þó má brèfhirðingarmaður senda þær sendingar borgaðar, sem nefndar eru undir d., þegar hann getur sjálfur metið burðargjaldið fyrir þær, eða hann vill innistanda fyrir borgun þess burðargjalds, sem póstskrifstofan í Reykjavík heimtar með næsta pósti.

Þá hluti, sem bannað er að flytja með pósti (tilsk. um póstmál 4. grein og auglýs. 12. grein), má brèfhirðingarmaður ekki taka til flutnings. Hafi hann samt gjört það, fer eptir auglýs. 12. grein.

Böggla- og peningasendingar geta að eins orðið teknar til flutnings með fyrsta pósti eptir að þær eru afhentar til póstflutnings, að því leyti þeim þá verður komið fyrir (sbr. auglýs. 13. gr., nr. 3). Þegar póstrúm leyfir, má brèfhirðingarmaður taka meiri peninga upphæðir, en um er getið undir b., til flutnings, ef að sá, er sendir, beiðist skriflega, að þær verði sendar frá brèfhirðingarstaðnum, og sjálfur ábyrgist þær á leiðinni þaðan til póstafræiðslustaðarins.

Brèfhirðingarstaðurinn skal vera opinn til brèfa meðtöku,

þegar bréfhirðingarmaður er heima, frá dagmálum til náttmála, og einkum nokkra stund áður póst skal afgreiða (7. gr.).

1872.  
31. oktbr.

#### 4. grein.

Þegar burðareyri skal að fullu borga undir sendingarnar 3. gr. a., b. og c., skal á sendingarnar (hvað böggla snertir, á tilvísunarbréfið), líma frímerki fyrir þetta verð.

##### 1. á brèf:

- a. til annara póststöðva í landinu, þegar þau vega allt að  
3 kv. . . . . 4 sk.  
yfir 3 allt að 25 kv. . . . . 8 —  
— 25 allt að 50 kv. . . . . 12 —

b. til umdæmis bréfhirðingarstaðarins sjálfs (auglýs.  
11. gr.) helming þessara gjalda;

c. til Danmerkur gjöldin a. tvöföld.

Þó má senda opnar sendingar með prentuðum blöðum og sýnis-hornum af varningi, þegar ekkert annað er á þær ritað, en utanáskript, nafn þess er sendir, heimili hans og dagsetning, til annara póststöðva, þegar undir þær er borgaður helmingur áður-nefndra gjalda, þó eigi minna enn 4 sk. (litr. a) og 8 sk. (litr. c).

Ef ritað er á bréfsendingu: „mælt með“, „á hendur falið“ eða „NB“, skal á hana líma 8 sk. frímerki meira en ella.

##### 2. á peningabrèf:

burðareyri eptir vikt, eins og um er getið að ofan nr. 1 a., b. og c, og enn fremur ábyrgðargjald fyrir hvað fyrir sig, 4, 2 og 12 sk. undir hverja 100 rd. eða minna af peningaverði því, er bréfinu fylgir.

##### 3. á tilvísunarbrèf með bögglum:

- a. til annara póststöðva í Íslandi 16 sk. } fyrir hvert pd, er  
b. til umdæmis bréfhirðingarstað- } böggull vegur.  
arins sjálfs. . . . . 8 —

c. til Danmerkur, auk hrèfburðareyrisins litr. a. 12 sk., aðal-burðargjald fyrir hvern böggul, að viðbættum 4 sk. fyrir hvert pd., er böggull vegur.

1872.

31. oktbr.

Partur af pundi reiknast sem heilt pund.

Sè verð tiltekið, skal þaraðauki greiða ábyrgðargjald það, sem um er getið nr. 2.

Fyrir tilvísunarbréf með böggli er ekkert borgað, en eigi má það veða yfir 3 kv.

4. Þegar sá, er sendir, óskar kvittunar viðtakanda fyrir sendingunni, en það verður að vera ritað á sendinguna eða tilvísunarbréfið, ber fyrir hana að greiða burðargjald, sem fyrir einfalt bréf.

5. Sè ekki rétt búið um peningabréf, og sá, er sendir, ekki óskar sjálfur að bæta úr því, borgar hann 3 sk. í peningum, er til falla bréfhirðingarmanni, ef hann getur úr bætt, en ella því pósthúsi, hvert póstur skal ganga.

Um hversu peningaumslög skal laga og hversu peningar skulu umvafðir, þegar þeir eru lagðir í umslag, skal bréfhirðingarmaður útvega sèr nákvæma upplýsing, og sendi hann frá sèr peningabréf, sem ekki er í réttu umslagi, skal hann allskostar skyldur til að svara póstafrageiðslunni nefndum 3 sk. til að bæta úr þessu.

Fyrjr að leggja til lakk, til að forsigla einhverja sendingu, skal sòmuleiðis borga 3 sk.

Fyrir hvern bögul, sem ekki fylgir tilvísunarbréf, eða ekki er merktur eptir reglunum, borgar sá, er sendir, 3 sk. fyrir hvert um sig, þegar hann óskar ekki sjálfur úr að bæta. Bæti bréfhirðingarmaður úr því, til fellur borgunin honum, en annars því pósthúsi, hvert póstur skal ganga.

6. Sendingar með þjónustu-frímerkjum álitast sem óborgaðar, ef ekki er með farið nákvæmlega eptir auglýsing 3. maí 1872.

7. Þessar sendingar má ekki senda, nema alborgaðar: kvittanir fyrir sendingum, ábyrgðarbréf, sendingar (bréf) til konungs eða ættar hans og til yfirvaldanna, þegar sá, er sendir, ekki hefir ritað á þær: „fyrirskipuð skýrsla“, „heimtað álit“ eða „fyrirskipuð sending“ og nafn sitt undir.

Aðra borgun en þá, sem nefnd er í þessum leiðarvísi, má bræfhirðingarmaður ekki heimta af hlutaðeigendum.

1872.  
31. oktbr.

#### 5. grein.

Bræfhirðingarmaður lætur panta hjá sér þau tímarit (blöð) og tíðindi, sem koma út á Íslandi, heimtar jafnframt og jafnótt borgun fyrir þau, og pantar þau gegnum hlutaðeigandi póstaðgreiðslu hjá því pósthúsi, hvaðan auðveldast er að ná þeim (pósthúsinu á þeim stað, sem þau koma út á), og lætur þau úti til áskrifenda. Þegar bræfhirðingarmaður fær reikninga til áskrifenda, skal hann hið fyrsta krefjast borgunar, láta hlutaðeigandi pósthús vita, að hún sé greidd, og svara til hennar. Þegar blöð eru pöntuð á pósthúsinu, skal þá pöntun strax afgreiða. Ef vanta skyldi í meðtekin blöð, skal bræfhirðingarmaður strax með sama pósti tjá það pósthúsinu. Gjöri bræfhirðingarmaður ekki þetta, álitast blöðin hafa verið rétt send.

#### 6. grein.

Öll ábyrgðarbréf, peningabréf, böggla og peningaböggla, er senda skal með pósti, skal bræfhirðingarmaður jafnskjótt og hann tekur við, færa inn í meðtökubók þá, sem handa honum verður til þess löggilt.

Strax eptir komu póstsins er bréfum safnað, ásamt öðrum sendingum, þar á meðal þeim, sem á leiðinni eru látin í tösku þá með póstschildi, er póstur hefir meðferðis, og skal þetta ritað á póstlistann (*Kartet*), svo sem hér segir:

- a. almenn bréf, sem fara eiga á næstu póststöðvar, hvert póstur skal ganga. Tölu þessara bréfa skal rita á póstlistann í einu. Burðareyri á þau bréf, sem annaðhvort eru óborguð, eða ekki fullborguð, skal rita á utanáskriptarflöt bréfsins, leggja svo saman og rita samanlagða upphæð ógoldins burðareyris í póstlistann;
- b. bréf til útlanda, sem síðar skal gjalda burðareyri af eptir mati pósthússins (3. gr., d.) skal bræfhirðingarmaður rita á póstlistann hvert fyrir sig með nafni og heimili meðtökumanns;

1872.

31. oktbr.

c. peninga- og bögglasendingar skal rita hvað fyrir sig með nafni og heimili meðtökumanns, merki og verði;

d. ábyrgðarbréf skal einnig rita út af fyrir sig með nafni og heimili meðtökumanns.

Gjöld þau, sem eptir 4. gr. skal greiða póshúsinu, skal færa sérilagi við hlutaðeigandi sending innan línu.

Kvittanir, blaðapantanir og þesskonar frá brèfhirðingarstaðnum, eins og póst-vísendingar, skal einnig færa á póstlista.

Þegar búið er að færa allt á póstlistann, undirskrifar brèfhirðingarmaður hann.

Liggi einn eða fleiri brèfhirðingastaðir milli póstafrageiðslu- og brèfhirðingarstaðar, skal semja sérstaka póstlista yfir það, sem til hvers brèfhirðingarstaðar á að fara.

## 7. grein.

Þegar póstlistinn er búinn, skal binda öll brèfin saman og fá þau pósti, ásamt póstlistanum, böggla- og peningasendingunum, og eptir að póstur hefur litið eptir að allt sé rétt, skal það látið niður í pósttöskuna. Brèfhirðingarmaður verður, sem mest hann má, að halda sér heima, þegar von er á pósti, og hið allra fyrsta hjá póstinum að taka við því, sem kemur, og afhenda honum það, sem fara á. Á tímaseðil póstsins skal í hvert skipti ritað, nær hann kemur og fer.

Brèfhirðingarmaður skal ávallt senda póstlista, hvert sem nokkuð er að senda eða ekki.

## 8. grein.

Komist brèfhirðingarmaður að því, að póstur hafi meðferðis utan tösku brèf, peninga eða böggla, er það skylda hans, að skýra sinni yfirboðnu póstafrageiðslu strax frá því.

Skyldi, mót von, brèfhirðingarmaður eða hans fólk nota póstinn ólöglega, varðar það sekt, eða, ef til vill, afsetningu.

## 9. grein.

Strax sem póstur er kominn, skal opna pósttöskuna í viðurvist póstsins, og bera saman brèf þau, peninga- og bögglasendingar, sem á póstlistanum standa og saman er bundið eins og

segir í 7. gr. við póstlistann, og telja blöð þau, sem með eru. Sömuleiðis skal opna tösku þá, er póstur ber á sér, og skal þá afhenda bréf þau, er í henni eru, eða senda þau áfram, eptir umgetnum reglum. Frímerkin á öllum þeim sendingum, sem færðar verða á póstlista til annara brèfhirðingarstaða, skal áður ónýta, annaðhvort með þar til gjörðum stimpli, eða með 2 blekstriku í kross yfir þau. Á þeim brëfum þar á móti, er ganga skulu til næstu póstafrageiðslu, skal póstafrageiðslumaður ónýta frímerkin.

1872.  
31. oktbr.

#### 10. grein.

Öll bréf, blöð, peninga- og bögglasendingar, sem eru 150 rd. virði og lenda eiga í póstumdæmi brèfhirðingarstaðarins, skal senda brèfhirðingamanni til að skila þeim, ef meðtökumenn ekki hafa gjört aðra ráðstöfun.

Þegar sending, er meira verði nemur en 150 rd., liggur hjá póstafrageiðslumanni til afhendingar mót kvittun, skal tilvísunarbrëfið, eða, ef það er ekki til, póst-vísending frá pósthúsinu senda á brèfhirðingarstaðinn með fyrsta pósti til að afhendast meðtökumanni.

#### 11. grein.

Brèfhirðingarmaður er ekki skyldur til að láta bera meðtökumönnum sendingarnar, en á þó, sem fremst er unnt, fyrir samkomulag við sambúa og nágranna að reyna til að koma þeim til skila hið fyrsta. Þegar tækifæri býðst, á hann að reyna að koma því til leiðar, að nábylin og næstliggjandi sóknir taki sig saman um upp á sameiginlegan reikning að halda sendimenn til að koma sendingum frá og til brèfhirðingarstaðarins.

Brèfhirðingarmaður skal skýra pósthúsi því, er hann stendur í sambandi við, frá, til hverra bæja, staða o. sv. frv. hann geti komið póstsendingunum.

#### 12. grein.

Fyrir sendingar þær, sem brèfhirðingarmaður skilar meðtökumönnum, skal hann heimta burðargjald það, sem ritað er á bréf eða tilvísunarbréf í skildingum, og stendur hann pósthúsinu skil

1872.  
31. oktbr.

á þessum peningum, nema þegar eins stendur á og sagt er í 14. gr.

Alla póstlista, sem brèfhirðingarstaður meðtekur og hefir meðhöndlað, skal senda með fyrsta pósti til póstafræiðslunnar á — — — — —, og skal í póstlistanum til hennar greina, hvað margir slíkir póstlistar fylgi, og hvað mikill burðareyri eptir þeim standi í skuld, sem þá verður að gjöra grein fyrir með næsta pósti.

#### 13. grein.

Ábyrgðarbrèf og peninga- og bögglassendingar má brèfhirðingarmaður ekki láta frá sér nema móti kvittun meðtökumanns sjálfs, eður þess, er hefir í höndum tilhlýðilegt umboð hans. Brèfhirðingarmaður ábyrgist, að undirskriptin á kvittuninni sè rétt. Kvittanirnar, sem brèfhirðingarmaður fær útfylltar frá pósthúsinu jafnhliða sendingunum, skal senda pósthúsinu aptur, þegar afhending hefir átt sér stað.

#### 14. grein.

Þær póstsendingar, sem brèfhirðingarmaður ekki getur komið til skila, skal hann sem fyrst endursenda pósthúsinu, sem sendi honum þær. Á signetsflöt sendingarinnar eða tilvísunarbrèfsins skal hann rita ástæðuna til þess að hún ekki gat komizt til skila.

#### 15. grein.

Brèfhirðingarmaður verður að sjá fyrir því, að hann ávallt hafi nóg af frímerkjum. Hjá þeirri póstafræiðslu, sem yfir brèfhirðingarmann er boðin, getur hann móti kvittun fengið frímerki að láni allt að þeirri upphæð, er árslau hans nema.

#### 16. grein.

Þá upphæð, er brèfhirðingarmaður eptir póstlistanum á að svara, skal hann senda hlutaðeigandi póstafræiðslu með sama pósti til baka. Burðareyri fyrir þær póstsendingar, sem brèf-

hirðingarmaður ekki getur komið til skila, fráskrifast af póstafræiðslumanni í póstlistanum, þegar þær verða endursendar.

1872.  
31. oktr.

## 17. grein.

Brèfhirðingarmaður ábyrgist þau brèf, peninga- og böggla-sendingar, samt blöð, er honum er trúað fyrir. Þetta skal geymt á óhultum stað, og má ekki liggja til sýnis óviðkomandi mönnum, eins og það eigi heldur er leyft, að móttakendur sjálfir leiti upp póstsendingar þær, sem til þeirra eru. Það er bannað brèfhirðingarmanni, að gefa nokkrum óviðkomandi manni vitneskju um, frá hverjum eða til hvers sendingar ganga í gegnum brèfhirðingarstaðinn. Lyklar og eyðublöð, sem brèfhirðingarmanni verða fengin, mega eigi koma í óviðkomandi manna hendur.

## 18. grein.

Frá því pósthúsi, er brèfhirðingarstaður er lagður undir, meðtekur brèfhirðingarmaður:

a. móttöku- og kvittunarbók;

b. metaskálar með lóðum á danska verzlunarvog frá 5 ort til 1 pd.;

c. eitt exemplar af tilsk. 26. febr. 1872 með þar til heyrandi auglýsingu af 3. maí s. á., og af auglýsingu 26. sept. s. á., er hefir inni að halda ákvarðanir um sambandið milli hinna almennu dönsku og hinna sérstaklegu íslensku póstmála innbyrðis. Þessar reglugjörðir skulu liggja almenningi til sýnis, og óskast að brèfhirðingarmaður kynni sér þær smátt og smátt svo sem unnt er, svo að þær geti verið honum til ítarlegri vegleiðslu.

Nefnd áhöld skal hann ábyrgjast pósthúsinu, og skal þeim skilað aptur ásamt samninginum, þegar brèfhirðingarmaður fer frá starfi sínu.

Enn fremur sendast brèfhirðingarmanni nauðsynlegar byrgðir af eyðublöðum undir póstlista, og viðurkenningar fyrir póstsendingar, er hann tekur við, og skal hann beiðast nýrra eyðublaða hjá póstafræiðslunni þegar þau þrýtur.

1872.

31. oktr.

19. grein.

Brëfhirðingarmaður er ekki skyldur til að láta pósti gistingu, góðgjörðir eða heygjöf handa hestum hans í tæ, nema fyrir sanngjarna borgun.

Samkvæmt tilskipun um póstmál á Íslandi 26. febr. 1872. 17. gr. og umboði lögstjórnarinnar af 14. aug. þ. á.

Íslands stiptamt, Reykjavík, 31. oktr. 1872.

*Hilmar Finsen.*

## 100. Leiðarvísir fyrir póstafrageiðendur<sup>1</sup>

(á Íslenzku eingöngu).

1. grein.

Póstmeistarinn í Reykjavík er næsti yfirboðari póstafrageiðslunnar, og hefir eptirlit með því, að hún uppfylli þær skyldur, sem á henni hvíla eptir auglýs. 3. maí 1872, og lætur hana vita af öllum þeim breytingum, sem verða kunna á póstgjaldaskránum, póstgöngunum o. s. frv., og gefur henni allar aðrar nauðsynlegar upplýsingar og vegleiðslu. Póstafrageiðandi er skyldur nær sem heimtað verður, að fram selja bækur sínar o. s. frv. póstmeistara til eptirlits.

Brëf póstafrageiðanda til yfirstjórnar póstmálanna skal senda í gegnum póstskrifstofuna í Reykjavík, er leiðbeinir þeim með skýringum sínum.

Verði póstafrageiðanda eitthvað á í póstafrageiðslunni til annara pósthúsa, skulu þau láta hann vita af því beinlínis.

Um ferðaleyfi fyrir póstafrageiðanda vísast til auglýsingar 3. maí 1872, 3. gr.

<sup>1</sup>) Í angl. 3. maí f. á. er haft „póstafrageiðslumenn“.